



# Áveitan

1. tbl. 11. árgangur. Janúar 2017

## **Prettándagleði Umf. Þjótanda**

Ungmennafélagið Þjótandi ætlar að standa fyrir Prettándagleði í Félagslundum föstudaginn 6. janúar og hefst hún kl 20:00. Gleðin hefst á því að kveikt verður upp í bálkesti á íþróttavellinum ef veður leyfir og sprengdir verða flugeldar. Heyrst hefur að nokkrir jólasveinar muni láta sjá sig við bálið og kveðja með okkur jólin áður en þeir halda til fjalla. Að því loknu færast gleðin inn í hús þar sem spilað verður bingó og farið í leiki t.d. æsispennandi limbókeppni!

Miðaverð á samkomuna er 1000 kr fyrir alla 6 ára og eldri, 5 ára og yngri fá frítt inn. Innifalið í miðaverði er eitt bingóspjald en auka spjöld kosta 500 kr. Sjoppa verður á staðnum.

**Mætum öll og kveðjum jólin saman í góðra vina hópi!**

**Munum að klæða okkur vel.**



**Þorrablot í Þjórsárverum verður haldið 18. febrúar.**

**Nánari upplýsingar verða í næstu Áveitu.**

**Þeir sem vilja tryggja sér miða geta pantað strax í síma:**

**4863304 Kolbrún**

**4863404 Aðalheiður**

**Nefndin.**

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Ragnar Sigurjónsson  
icegordon@gmail.com  
S. 820-3565

lðunn Ýr Ásgeirsdóttir  
idunnyr84@gmail.com  
S: 865-1454

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is  
S. 892-4155

## Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar

Árið 2016 er nú á enda og nýtt ár, 2017 tekið við - gleðilegt nýtt ár og takk fyrir það liðna.

Þann 1. janúar tóku ný lög um húsnæðisbætur gildi og „Greiðslustofa húsnæðisbóta“ tók við því hlutverki að greiða húsnæðisbætur fyrir landið allt. Þjónustuskrifstofan er staðsett á Sauðárkróki og hóf hún formlega starfsemi 15. nóvember 2016. Opnuð hefur verið ný heimasíða með upplýsingum og reiknivél fyrir húsnæðisbætur. [www.husbót.is](http://www.husbót.is) Upplýsingar er einnig að finna á vefnum [www.husnaedisbaetur.is](http://www.husnaedisbaetur.is) .

Húsnæðisbætur vegna barna að 18 ára aldri verða áfram afgreiddar á skrifstofu Flóahrepps.

Starfsemi Flóahrepps einkennist af árstíðabundnum verkefnum sveitarfélaga. Endurskoðun bókhalds og stjórnsýslu er hafin og undirbúningur á uppgjöri og skilum á ársreikningi.

Í upphafi ársins eru fasteignagjöld reiknuð út og lögð á eignir. Innheimta fasteignagjalda ásamt þjónustugjöldum vegna sorps og vatns fer í gang í marsmánuði. Nýtt bókhaldskerfi verður tekið í notkun um áramótin og unnu ritari og gjaldkeri að undirbúningi þess í lok ársins. Mögulega seinkar rafrænni útsendingu á reikningum vegna leikskólajalda í janúar um örfáa daga sökum þessarar innleiðingar, en athugið að þrátt fyrir það er gert ráð fyrir sömu dagsetningu á eindaga janúarreikninga.

Veðrið hefur verið hagstætt og minni snjómokstur skapað tíma til annarra verkefna. Starfsmenn á fasteignasviði hafa unnið að lagfæringum og þrifum á skólahúsnæði, í jólahaleyfi nemenda og starfsmanna, undirbúningi og frágangi vegna viðburða í félagsheimilum ásamt ýmsum smá lagfæringum þar.

Ný menningamálanefnd tekur til starfa í upphafi ársins og tekur hún við hluta af þeim verkefnum sem rekstrarstjórn félagsheimilanna hefur haft umsjón með. Formanni og nefndarmönnum rekstrarstjórnar félagsheimilanna er þakkað fyrir metnaðarfullt starf á liðnum árum.

Í Félagsheimilunum eru þorrablot í undirbúningi, búið að ráða hljómsveitir og farið að æfa skemmtiatriði. Ómissandi mannamót í hverri sveit og tækifæri til þess að gleðjast með nágrönnum og gestum.

Fyrsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps á nýju ári verður haldinn í Þingborg klukkan 13:00 miðvikudaginn 11. janúar 2017.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps.

### **Aðalfundur Umf. Þjótanda**

Aðalfundur Umf. Þjótanda verður haldinn fimmtudagskvöldið 26. janúar í Þingborg. Fundurinn hefst kl 20:30 og er dagskráin eftirfarandi:

Setning og kosning starfsmanna fundarins

Inntaka nýrra félaga

Skýrsla stjórnar

Gjaldkeri leggur fram reikninga

Skýrslur nefnda

Umræða um skýrslur, afgreiðsla reikninga

Lagðar fram tillögur

Fundarhlé

Verðlaunaafhendingar

Atkvæðagreiðsla um tillögur

Kosningar

Önnur mál

Allir félagar eru hvattir til þess að fjölmenna á fundinn og hafa þar með áhrif á ungmennafélagið okkar. Á aðalfundi hafa allir 12 ára og eldri atkvæðisrétt og vonandi munu sem flestir koma og nýta sér sitt atkvæði, ungir sem aldnir.

Stjórnin

**Er hundurinn þinn á Kóngafæði ?**

**Ef svo er ekki þá er ég að selja hundafóður frá King Bellfor.**

**Allar uppl í s: 8203565 og [icegordon@gmail.com](mailto:icegordon@gmail.com)**

**Ragnar Sigurjónsson**

## UPPSKRIFTARHORNID

Gleðilegt nýtt ár, takk fyrir það nýliðna. Katrín Ástráðsdóttir, ágæt nágrennakona mín skoraði á mig að senda inn uppskrift í matarhornið, takk fyrir það Katrín. Eru ekki allir vel kjötmettaðir? Ég ætla að setja herna inn uppskrift af fiskisúpu.

1,5 l.vatn,

2 fiskiteningar

2 grænmetisteningar

1 krukka Sugo all Arrabbiata (DeCecco)

1/2 flaska Heinzchilu sause

1/2 askja rjómaostur

þetta sett saman í pott

1 paprika

1 laukur

1 hvítlaukur

slatti af hvítkáli

þetta er gljád í smjöri og sett út í þegar osturinn er vel bráðnaður í vatninu

1/2 l. matreiðslurjómi

1/2 l. rjómi

1/2 sæt kartafla

út í þetta eru svo settur skötuselur, gott að setja rækjur líka, hef líka notað þorsk. Kryddað með fiskikryddi, smá pipar.

Basiliku og dilli stráð yfir....aðallega er það fyrir augað en gott líka.

Kannski eiga allir uppskrift af því sem ég kalla döðlunammi.

240g smjör og 120g púðursykur sett í pott og brætt saman. 360g niðurskornar döðlur settar úti og látið malla smá. 3dl Rice Crispies sett úti, (ég læt alltaf meira 5-6 dl) .... Jukkinu hellt í ofnskúffu og látið kólna, þá er bræddu suðusúkkulaði smurt yfir og látið kólna.

Verði ykkur að góðu og takk fyrir mig. Ég ætla að skora á nágrennakonu mína, hana Möggu á Syðra-Velli að koma með næstu uppskrift.

Kristín Gaulverjabæ.

## ***Pistillinn***

Þakka þér kærlega fyrir þessa áskorun Aldís mín.

Sæl veriði Fanndís heiti ég og bý á Brúnastöðum 3 og rek Gallery Flóa í gömlu Þingborg.

Árið 2006 hélt ég til Svíþjóðar á vit smá ævintýris í heimi glersins þar sem ég hafði mikinn áhuga á þessu undraverða efni. Þetta reyndist afar krefjandi efni að vinna með, fyrsta stigið var að læra að forðast ekki hitann þar sem glerinu er haldið fljótandi við um 1.120°C, næst var að læra að fanga glerið, finna samvinnuna við efnið og tímasetningarnar. Að fara í þetta ævintýri er með bestu ákvörðunum sem ég hef tekið þar sem ég fann mig 100% í efninu sem ég var að vinna með í formi stöðugrar þróunar, áskorunnar og þolinmæði. Ég sneri heim aftur árið 2009 með tvær diploma gráður úr glerblásturs náminu og bætti svo seinna við mig diploma gráðu í leirlist. Þekkingu mína á þessum tveim efnum hef ég svo sameinað í verkum og verkefnum og er þar á meðal söfnun gagna og vinnsla á tímabili víkinganna. Úr varð samvinna við fornleifafræðing á svæðinu og þróaði ég ofn sem miðast við fornleifafund í Danmörku frá tímum víkinganna. Víkingarnir mátu glerperlur mikils og voru þær stöðutákn og já ekki nóg með að víkingarnir voru að gera glerperlur, ef litið er á heimsmyndina á sama tíma sést að annars staðar í heiminum var fólk farið að blása gler. Egyptar fóru að vinna með leir fyrir um 7.000 árum síðan, þeir bjuggu til efnið egyptian paste fyrir um 6.000 árum, það efni er kross á milli leirs og glers og fyrir um 5.000 árum síðan uppgötva þeir að það hafði möguleikann á að verða gler og þróa það frekar í efnasamsetningu. Aðrar þjóðir uppgötvuðu gler með öðrum hætti og spunnust misjafnar einkennandi aðferðir og útlit sem eru þekkt enn þann dag í dag fyrir hverja þjóð.

Að nota bæði nútímaaðferðina og Víkingaaðferðina við það að búa til handgerðar glerperlur frá grunni í verkstæðinu inn af verslunarrými Gallery Flóa er unun og er ég stöðugt að þróa mig áfram með aðferðum og útliti glerperlanna sem hafa fundist á Íslandi frá tímum víkinganna ásamt því að hanna nútíma útlitandi glerperlur með innblæstri frá íslenskri náttúru, blanda saman því sem finnst í nærumhverfinu og sýna hvað er að finna í Flóahreppi.

Ég skora á Höllu Kjartansdóttur nágretta minn í Ölvisholti að koma með næsta pistil.

Fanndís Huld Valdimarsdóttir

# Glímufréttir

## Fjórðungsglíma 2016

Þjótandi átti tvo keppendur á Fjórðungsglímu Suðurlands sem fór fram í Þingborg laugardaginn 3. desember. Melkorka Álfðís Hjartardóttir sigraði í flokki stúlkna 10 ára og yngri og Ágúst Þorsteinsson hafnaði í fimmta sæti í flokki 12-13 ára stráka.

## Marín Laufey glímukona ársins 2016

Marín Laufey Davíðsdóttir úr Umf. Þjótanda var valin glímukona ársins af stjórn Glímusambands Íslands. Þetta er í 5. skipti sem Marín hlýtur þessa útnefningu og er hún vel að henni komin eins og sjá má í umsögn stjórnar GLÍ:

*Marín Laufey er 21 árs gömul og átti góðu gengi að fagna á glímuvellinum árið 2016. Marín tók þátt í nánast öllum glímumótum á árinu 2016 en helsta afrek hennar var þegar hún sigraði Íslandsglímuna og hlaut þar með Freyjumenið í fjórða sinn. Marín keppti einnig á fjölmörgum alþjóðlegum mótum í keltneskum fangbrögðum þar sem hún var ávallt í verðlaunaseti og varð meðal annars Evrópumeistari í backhold í apríl. Marín Laufey er fyrirmyndar íþróttakona jafnt innan vallar sem utan.*

## Glímuæfingar

Æfingar hefjast að nýju mánudaginn 9. janúar og verða með sama sniði og fyrir áramót. Æfingar eru haldnar í Félagslundi og hefjast kl. 19:30 og standa til 21:00. Þjálfari er Stefán Geirsson og honum til halds og trausts er Jón Gunnþór Þorsteinsson.

## Glímumót framundan

Nú fer keppnistímabil glímufólks að fara á fullt og hér má sjá helstu mótin framundan: (Héraðsmót feitletuð)

20. janúar - Bikarglíma Íslands kl 19:00 Reykjavík

21. janúar - Íslandsmeistaramót í Backhold Reykjavík kl 16:00

**1. febrúar - Grunnskólamót HSK á Hvolsvelli kl. 11:00**

**25. febrúar - Héraðsglíma HSK í Reykholti**

4. mars - Landsflokkaglíman ( 16 ára og eldri ) Reykjavík kl 12:00,  
Glímuþing kl 17:00

18. mars - Grunnskólamót Íslands Reykjavík kl 14:00

1. apríl - Íslandsglíman Reykjavík kl. 13:00

## Héraðsmót í frjálsum íþróttum 15. janúar

Aldursflokkamót HSK 11-14 ára, unglíngamót HSK 15-19 ára og Héraðsmót fullorðinna í frjálsum íþróttum innanhúss munu fara fram í frjálsíþróttahöllinni í Kaplakrika sunnudaginn 15. janúar. Aldursflokkamótið hefst kl 10:00 en hin mótin kl 13:00.

Umf. Þjótandi stefnir á að fara í hópferð á mótið með rútu. Lagt yrði af stað um kl. 8:30 og komið við á pizzastað á leiðinni heim að móti loknu. Örvar þjálfar skipuleggur ferðina og tekur við skráningum á æfingum fram að móti.

Eldri keppendur geta skráð sig og fengið nánari upplýsingar hjá Guðmundu í síma 846-9775 eða á [gudmunda89@gmail.com](mailto:gudmunda89@gmail.com). Skráningarfrestur rennur út á miðnætti fimmtudaginn 12. janúar.

### Íþróttáúrlit

Tveir keppendur frá Umf. Þjótanda mættu til leiks á Aðventumóti Ármanns sem fór fram í Laugardalshöll 10. desember. Þeir bættu sig báðir á mótinu þannig að þetta var greinilega ferð til fjár. Hér er árangurinn þeirra:

Stefán Narfi Bjarnason '00	60m hlaup	7,70sek	10. sæti
	Langstökk	5,83m	7. sæti
Ýmir Atlason '00	60m hlaup	7,96sek	14. sæti
	Langstökk	5,24m	12. sæti



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

## Athugið - breytt dagsetning

### Hjónaball Gaulverja – 04. febrúar 2017

Vegna óviðráðanlegra aðstæðna verður hinu árlega Þorrablóti í Félagslundum seinkað um viku og haldið laugardagskvöldið 04. febrúar 2017.

Ole Olesen hjá Veisluþjónustu Suðurlands mun sjá um matinn og hin stórskemmtilega hljómsveit Bandmenn mun halda uppi fjöri langt fram á nótt.

Hægt er að panta miða hjá Guðrúnu á Fljótshólum 486-3361 eða 864-4542 (gsm) og Palla í Króki 486-3392 eða 892-5405 (gsm).

Þannig að þá er ekkert annað að gera en að panta miða, pússa dansskóna og liðka polkafótinn.

Með kveðju, nefndin

### Dagskrá mánaðarins

Prettándagleði	6. janúar
Glímuæfing	9. janúar
Æfing 8.-10. bekkur	10. janúar
Æfing 5.-7. bekkur	11. janúar
HSK mót í frjálsum	15. janúar
Glímuæfing	16. janúar
Æfing 8.-10. bekkur	17. janúar
Æfing 5.-7. bekkur	18. janúar
Glímuæfing	23. janúar
Æfing 8.-10. bekkur	24. janúar
Æfing 5.-7. bekkur	25. janúar
Aðalfundur Umf. Þjótanda	26. janúar
Glímuæfing	30. janúar
Æfing 8.-10. bekkur	31. janúar
Grunnskólamót HSK í glímu	2. febrúar
Þorrablót í Félagslundum	4. febrúar



VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR



# *Þorrablót í Þingborg 2017*

Hið bráðskemmtilega þorrablót Umf. Þjótanda og Skemmtinefndar Sandvíkurhrepps verður haldið í Þingborg laugardaginn 11. febrúar nk. Húsið opnar kl. 20:00 og borðhald hefst stundvíslega kl. 20:30.

Blótið hefst með því að bornar verða fram þjóðlegar kræsingar eins og hver getur í sig látið. Þá verður slegið á léttu strengi og rifjuð upp ýmis afrek nýliðins árs. Hljómsveit Viggó ætlar síðan að skemmta dansþyrstum fram á nótt.

Miðapantanir berist í síðasta lagi sunnudaginn 5. febrúar í síma

867-3538 (Baldur Gauti) eða 856-5595 (Dagbjartur). **ATHUGIÐ:** Mjög mikilvægt er að bóti sé að panta miða á réttum tíma svo nægur matur sé til handa öllum. Miðaverði verður að venju stillt í hóf.

Sækja skal pantaða miða miðvikudag 8. febrúar frá kl. 19 – 21 eða laugardaginn 11. febrúar frá kl. 11 – 13 í Þingborg. Eða eftir nánari samkomulagi hjá þeim sem pantað er hjá. Athugið að miðar verða ódýrari í forsölu.

**ATHUGIÐ:** Ekki verður rúta á blótið en að sjálfsögðu verður stefnt að því að bjóða upp á rútu heim. Rútan fer úr Þingborg, um Hraungerðishrepp og í Sandvíkurhrepp ef þarf og endar á Selfossi.

Geymið auglýsinguna!

Góða skemmtun!

Þorrablótsdeild Umf. Þjótanda og skemmtinefnd Sandvíkurhrepps